

## REGLUR

### um bann við netaveiði göngusilungs við Faxaflóa og Skjálfanda.

#### 1. gr.

Bönnuð er netaveiði göngusilungs í sjó á ári hverju frá og með 10. júní til og með 10. ágúst á eftirtöldum stöðum:

- a) Með strandlengju í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu frá friðunarsvæði Hítarár í norðri að Suðurflös á Akranesi í suðri.
- b) Með strandlengju Skjálfandaflóa frá friðunarsvæði Laxár í Þingeyjarsýslu í suðri að landamerkjum Bakka og Héðinshöfða í norðri.

#### 2. gr.

Brot á ákvæðum þessara reglna varðar sektum samkvæmt lögum nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal fara að hætti opinberra mála.

#### 3. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 7. mgr. 14. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungveiði með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 22. maí 2003.*

**Árni Ísaksson** veiðimálastjóri.

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Hafnarfirði.

*„Suðurhöfn“ vegna Óseyrarbrautar 23.*

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 8. apríl 2003 breytingu á deiliskipulagi fyrir „Suðurhöfn“ vegna Óseyrarbrautar 23 í Hafnarfirði.

*„Athafnasvæðis hestamannafélagsins Sörla“.*

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 18. mars 2003 breytingu á deiliskipulagi „Athafnasvæðis hestamannafélagsins Sörla“ í Hafnarfirði.

Farið var með breytingarnar skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og þær yfirfarnar af Skipulagsstofnun.

Breytingarnar öðlast þegar gildi.

*F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 27. maí 2003.*

**Hafdís Hafliðadóttir** skipulagsstjóri.